

## **Formáli**

Ársskýrsla Reykhólaskóla kemur nú út í fyrsta sinn. Skýrslunni er dreift til formanns mennta og menningamálanefndar, stjórnar foreldrafélagsins, hreppsskrifstofunnar og bókasafns Reykhólaskóla. Skýrslan mun einnig liggja á kaffistofu starfsmanna.

Markmið skýrslunnar er að gera grein fyrir því starfi sem fram fer í skólanum, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Skýrslan er góð heimild um skólastarfið frá ári til árs.

## **Inngangur**

Skólastarfið hófst með því að kennarar og starfsfólk mætti til starfa mánudaginn 17. ágúst að loknu sumarleyfi til að undirbúa veturinn. Skólasetning var svo mánudaginn 24. ágúst, eftir setninguna fóru nemendur með sínum umsjónarkennara í sínar stofur og kennsla hófst svo samkvæmt stundaskrá þennan sama dag.

## **Hagnýtar upplýsingar**

### **Skólastjórnendur**

Júlía Guðjónsdóttir skólastjóri

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir staðgengill skólastjóra

## **Nefndir og ráð**

### **Skólaráð**

Júlía Guðjónsdóttir skólastjóri

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, fulltrúi kennara

Herdís Erna Matthíasdóttir fulltrúi starfsmanna skólans

Ingibjörg Smáradóttir fulltrúi foreldra

Ingibjörg Þór fulltrúi foreldra

Björn Fannar Jóhannesson fulltrúi foreldra og íbúa nærumhverfis

### **Nemendaráð**

Margrét Björnsdóttir 10. bekk formaður

Aldís Eir Sveinsdóttir 9. bekk

Dagný Bjarkadóttir 8. bekk

## Skólaráð

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri  
Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, fulltrúi kennara  
Svanborg Guðbjörnsdóttir, fulltrúi kennara  
Herdís Erna Matthíasdóttir, fulltrúi starfsfólks  
Ingibjörg Smáradóttir, fulltrúi foreldra  
Ingibjörg Þór, fulltrúi foreldra  
Björn Fannar, fulltrúi grenndarsamfélags  
Margrét Björnsdóttir, fulltrúi nemenda  
Aldís Sveinsdóttir, fulltrúi nemenda

## Stjórn foreldrafélags

Ingibjörg Smáradóttir  
Ingibjörg Þór  
Björn Fannar Jóhannesson

## Sérfræðipjónusta

Brynjólfr Brynjólfsson, sálfræðingur  
Elmar Þórðarson, talmeinafræðingur

## Starfsfólk Reykhólaskóla 2009 - 2010

Nöfn	Starfsheiti	Umsjón	Hlutfall
Andrea Björnsdóttir	Proskapjálfi		
Ása Björg Stefánsdóttir	Aðstoðarmatráður		50
Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir	Grunnskólakennari	1.- 3. bekkur	100
Björk Stefánsdóttir	Stuðningsfulltrúi	4.- 6. bekkur	50
Dagný Stefánsdóttir	Matráður		70
Gunnar Guðmundsson	Stuðningsfulltrúi	1.- 3. bekkur	70
Herdís Erna Matthíasdóttir	Skólaliði	Fram að jólum	100
Indíana Svala Ólafsdóttir	Skólaliði	Eftir jól	100
Júlía Guðjónsdóttir	Skólastjóri		100
Kolfinna Yr Ingólfsdóttir	Grunnskólakennari	Frá febrúar	100
Ósk Jóhanna Guðmundsdóttir	Skólaliði		70
Rebekka Eiríksdóttir	Leiðbeinandi		92
Stefán Magnússon	Grunnskólakennari	7.-10. bekkur	77
Steinunn Ólafía Rasmus	Grunnskólakennari		100
Svanborg Guðbjörnsdóttir	Grunnskólakennari	4.- 6. bekkur	77

## Nemendafjöldi

Bekkur	fjöldi	strákar	stelpur
1. bekkur	5	2	3
2. bekkur	6	2	4
3. bekkur	4	3	1
4. bekkur	1		1
5. bekkur	4	2	2
6. bekkur	2	1	1
7. bekkur	1		1
8. bekkur	4	2	2
9. bekkur	1		1
10. bekkur	3	2	1

## Skólalóð

Svæðið umhverfis skólans er barnvænt og hentar vel. Í kringum skólann er stór lóð en brýn þörf er þó á ákveðnum úrbótum. Vantar heildarskipulag lóðar.

## Skóladagatal

Skóladagatal er ávalt sett í skólanámsskrá sem fer inn á öll heimili nemenda.

## Skólaakstur

8 nemendur Reykhólaskóla koma og fara með skólabílum. Akstursleiðir eru 3: Gufudalur, innsveitin og Reykjanesið. 3 nemendur koma úr Fremri-Gufudal, 4 nemendur koma úr innsveitinni og 1 nemandi kemur í skólaakstri af Reykjanesinu. Skólabílstjórar eru Þráinn Hjálmarsson, Arnór Grímsson og Rebekka Eiríksdóttir.

## Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Nemendur í 1. bekk voru fimm talsins, 2 strákar og 3 stelpur. Nemendur voru í samkenndu með nemendum í 2. og 3. bekk. Umsjónarkennari fyrsta bekkjar var Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir með íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði og heimilisfræði. Steinunn Rasmus, sérkenndu náttúrfræði og textíl, Rebekka Eiríksdóttir, myndmennt og smíði, Stefán Magnússon, tónmennt, tölvur, íþróttir og sund og Júlía Guðjónsdóttir, enska.

Andrea Björnsdóttir proskapjálfi var með okkur fyrstu tvær kennslustundirnar og einnig var Gunnar Guðmundsson inn í tímum með stuðning.

## Helstu áherslur

Í fyrsta bekk er lögð áhersla á að nemendur aðlagist skólaumhverfinu og séu virkir þátttakendur í því. Einnig er lögð áhersla á lestrarfærni og talnaskilning.

Lögð var mikil áhersla á að hrista hópinn vel saman og má segja að sumu leyti hafi það tekist ágætlega.

## Kennsluhættir/skipulag

Nemendur í 1. bekk voru í samkenndu með 2. og 3. bekk. Námið var einstaklingsmiðað þar sem hver nemandi fékk námsefni við hæfi. Stafainnlögn var tekin jafnt og þétt yfir veturinn. Var lögð áhersla á hljóðaaðferðina, ásamt því að nemendur læra algengar orðmyndanir. Í íslensku var notað ýmiskonar heimatilbúið efni ásamt bókum frá námsgagnastofnun.

Nemendur í 1. bekk fengu innsýn í stærðfræði og eru byrðuð að leggja saman og draga frá tveggja stafa tölur. Notað var nýtt námsefni frá námsgagnastofnun, Sproti og verkefni úr gömlu stærðfræðiefni því til stuðnings. Einu sinni í viku var öðruvísi stærðfræði þar sem nemendur fengu að spreyta sig á ýmiskonar þrautum og verkefnum, tengdum umhverfinu.

Dagurinn hófst alltaf í heimakrók þar sem nemendur fengu tækifæri til þess að tjá sig. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu vel fram við hvert annað og tækju tillit. Fjallað var um að við værum ekki öll eins að sumir nemendur gætu verið með ýmiskonar raskanir eins ADHD og einhverfu. Við værum stödd á mismunandi stöðum í námsefninu.

## Námsmat

Námsmat fór fram í lok hverra annar þar sem nemendur fengu að spreyta sig á efni tengdu námsefninu. Veturinn kom ágætlega út námslega og eru þau mjög dugleg.

## Þema

Í samfélagsfræði fyrir áramót var fjallað um lífið áður fyrr, þegar búíð var í torfbæjum. Nemendur voru mjög áhugasamir um efnið og var unnið með verkefni myndrænt.

Efir áramót skoðum við landnámsmenninna okkar með sérstakri áherslu á landnámsmenn í nágrenninu. Nemendur unnu í hópum þar sem þeir útbjuggu sinn landnámsmann, hvernig hann komst hingað og hvað hann tók með sér til Íslands frá Noregi.

Leynivinavika var haldin tvisvar sinnum þar sem nemendur skiptust á að draga leynivin sem þeir áttu að leika við þann daginn. Aðaláherslan var sú að við ættum að vera góð við hvert annað og sýna hvert öðru tillitsemi

### **Skemmtanir og félagslíf**

Við vorum einu sinni með náttfatadag, þar sem allir mættu í náttfötum og með bangsa. Dótadagar voru alltaf fyrsta föstudaginn í mánuði. Bjössi bangsi var með okkur í vetur og skiptust nemendur á að taka hann með sér heim um helgar. Þau skrifuði í dagbók fyrir Bjössa og það var síðan lesið fyrir samnemendum. Okkur var boðið á diskótek í Saurbænum, þar sem foreldrar sáu um að keyra. Á fullveldishátíðinni okkar lærðu krakkarnir vísurnar um íslensku jólasveinanna og fluttu fyrir gesti.

### **Skólaferðalag**

Nemendur í 1. - 4. bekk fóru í skólaferðalag í Dalina. Foreldrar tóku að sér aksturinn. Við byrjuðum á því að skoða landnámsbæ Eiríks rauða á Eiríkstöðum og má segja að það hafi verið lokapunkturinn á umfjöllun okkar á landnámsmönnum. Síðan var okkur boðið að skoða Mjólkurstöðina í Búðardal og farið í sund að Laugum í Sælingsdal. Ferðalagið var skemmtilegt og allir skemmtu sér vel, foreldrar sem börn.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir  
umsjónarkennari

### **Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk**

Nemendur í 2. bekk voru sex talsins, 2 strákar og 4 stelpur. Nemendur voru í samkenndu með nemendum í 1. og 3. bekk. Umsjónarkennari annars bekkjar var Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir með íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði og heimilisfræði. Steinunn Rasmus, sérkenndu, náttúrfræði og textíl, Rebekka Eiríksdóttir, myndmennt og smíði, Stefán Magnússon, tónmennt, tölvur, íþróttir og sund og Júlía Guðjónsdóttir, enska.

Andrea Björnsdóttir þroskaþjálfari var með okkur fyrstu tvær kennslustundirnar og einnig var Gunnar Guðmundsson inn í tímum með stuðning.

### **Helstu áherslur**

Lögð var áhersla á að auka og bæta lestrarkunnáttu nemenda í öðrum bekk. Steinunn Rasmus tók þá þjálfun að sér að mestu leiti. Síðan voru teknar lotur í skrift og stærðfræði.

Lögð var mikil áhersla á að hrista hópinn vel saman og má segja að sumu leyti hafi það tekist ágætlega.

### **Kennsluhættir/skipulag**

Nemendur í 2. bekk voru í samkennslu með 1. og 3. bekk. Námið var einstaklingsmiðað þar sem hver nemandi fékk námsefni við hæfi. Nemendur unnu ýmiskonar verkefni í íslensku bæði heimatilbúnu og frá námsgagnastofnun. Ákveðið var að hver nemandi fengi að vinna í stærðfræði á sínum forsendum.

Einu sinni í viku var öðruvísi stærðfræði þar sem nemendur fengu að spreyta sig á ýmiskonar þrautum og verkefnum, tengdum umhverfinu.

Dagurinn hófst alltaf í heimakrók þar sem nemendur fengu tækifæri til þess að tjá sig. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu vel fram við hvert annað og tækju tillit.

Fjallað var um að við værum ekki öll eins að sumir nemendur gætu verið með ýmiskonar raskanir eins ADHD og einhverfu. Við værum stödd á mismunandi stöðum í námsefninu.

### **Námsmat**

Námsmat fór fram í lok hverra annar þar sem nemendur fengu að spreyta sig á efni tengdu námsefninu. Lesskilningarverkefni var tekið í byrjun hausts og hraðlestarpróf voru tekin í lok hverra annar, hafa allir nemendur hækkað sig jafnt og þétt.

### **Þema**

Í samfélagsfræði fyrir áramót var fjallað um lífið áður fyrr, þegar búið var í torfbæjum. Nemendur voru mjög áhugasamir um efnið og var unnið með verkefnin myndrænt.

Efir áramót skoðum við landnámsmenninna okkar með sérstakri áherslu á landnámsmenn í nágrenninu. Nemendur unnu í hópum þar sem þeir útbjuggu sinn landnámsmann, hvernig hann komst hingað og hvað hann tók með sér til Íslands frá Noregi.

Leynivinavika var haldin tvisvar sinnum þar sem nemendur skiptust á að draga leynivin sem þeir áttu að leika við þann daginn. Aðaláherslan var sú að við ættum að vera góð við hvert annað og sýna hvert öðru tillitsemi.

### **Skemmtanir og félagslíf**

Við vorum einu sinni með náttfatadag, þar sem allir mættu í náttfötum og með bangsa. Dótadagar voru alltaf fyrsta föstudaginn í mánuði. Bjössi bangsi var með okkur í vetur og skiptust nemendur á að taka hann með sér heim um helgar. Þau

skrifuði í dagbók fyrir Bjössa og það var síðan lesið fyrir samnemendum. Okkur var boðið á diskótek í Saurbænum, þar sem foreldrar sáu um að keyra. Á fullveldishátíðinni okkar lærðu krakkarnir vísurnar um íslensku jólasveinanna og fluttu fyrir gesti.

### **Skólaferðalag**

Nemendur í 1. - 4. bekk fóru í skólaferðalag í Dalina. Foreldrar tóku að sér aksturinn. Við byrjuðum á því að skoða landnámsbæ Eiríks rauða á Eiríkstöðum og má segja að það hafi verið lokapunkturinn á umfjöllun okkar á landnámsmönnum. Síðan var okkur boðið að skoða Mjólkurstöðina í Búðardal og farið í sund að Laugum í Sælingsdal. Ferðalagið var skemmtilegt og allir skemmtu sér vel, foreldrar sem börn.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir  
umsjónarkennari

### **Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk**

Nemendur í 3. bekk voru fjögur talsins, 3 strákar og 1 stelpa. Haustið byrjaði á að aðeins var einn nemandi í 3. bekk en í nóvember bættist einn í hópinn og svo aftur tveir í lok janúar. Nemendur voru í samkennslu með nemendum í 1. og 2. bekk. Umsjónarkennari þriðja bekkjar var Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir með íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði og heimilisfræði. Steinunn Rasmus, sérkennsla, náttúrfræði og textíl, Rebekka Eiríksdóttir, myndmennt og smíði, Stefán Magnússon, tónmennt, tölvur, íþróttir og sund og Júlía Guðjónsdóttir, enska. Andrea Björnsdóttir proskapjálfi var með okkur fyrstu tvær kennslustundirnar og einnig var Gunnar Guðmundsson inn í tímum með stuðning.

### **Helstu áherslur**

Lögð var áhersla á að auka og bæta lestrarkunnáttu nemenda í þriðja bekk. Steinunn Rasmus tók þá þjálfun að sér að mestu leiti. Síðan voru teknar lotur í skrift og stærðfræði.

Meginmarkið var að efla samheldni nemenda og auka jákvæðni til náms.

### **Kennsluhættir/skipulag**

Nemendur í 3. bekk voru í samkennslu með 1. og 2. bekk. Námið var einstaklingsmiðað þar sem hver nemandi fékk námsefni við hæfi. Nemendur unnu ýmiskonar verkefni í íslensku bæði heimatilbúnu og frá námsgagnastofnun. Ákveðið var að hver nemandi fengi að vinna í stærðfræði á sínum forsendum.

Einu sinni í viku var öðruvísi stærðfræði þar sem nemendur fengu að spreyta sig á ýmiskonar þrautum og verkefnum, tengdum umhverfinu.

Dagurinn hófst alltaf í heimakrók þar sem nemendur fengu tækifæri til þess að tjá sig. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu vel fram við hvert annað og tækju tillit. Fjallað var um að við værum ekki öll eins að sumir nemendur gætu verið með ýmiskonar raskanir eins ADHD og einhverfu. Við værum stödd á mismunandi stöðum í námsefninu.

### Námsmat

Námsmat fór fram í lok hverra annar þar sem nemendur fengu að spreyta sig á efni tengdu námsefninu. Lesskilningarverkefni var tekið í byrjun hausts og hraðlestarpróf voru tekin í lok hverra annar, hafa allir nemendur hækkað sig jafnt og þétt.

### Þema

Í samfélagsfræði fyrir áramót var fjallað um lífið áður fyrr, þegar búið var í torfbæjum. Nemendur voru mjög áhugasamir um efnið og var unnið með verkefni myndrænt.

Efir áramót skoðum við landnámsmennina okkar með sérstakri áherslu á landnámsmenn í nágrenninu.

Nemendur unnu í hópum þar sem þeir útbjuggu sinn landnámsmann, hvernig hann komst hingað og hvað hann tók með sér til Íslands frá Noregi.



Leynivinavika var haldin tvisvar sinnum þar sem nemendur skiptust á að draga leynivin sem þeir áttu að leika við þann daginn. Aðaláherslan var sú að við ættum að vera góð við hvert annað og sýna hvert öðru tillitsemi.

### Skemmtanir og félagslíf

Við vorum einu sinni með náttfatadag, þar sem allir mættu í náttfötum og með bangsa. Dótadagar voru alltaf fyrsta föstudaginn í mánuði. Bjössi bangsi var með okkur í vetur og skiptust nemendur á að taka hann með sér heim um helgar. Þau skrifuði í dagbók fyrir Bjössa og það var síðan lesið fyrir samnemendum. Okkur var boðið á diskótek í Saurbænum, þar sem foreldrar sáu um að keyra. Á fullveldishátíðinni okkar lærðu krakkarnir vísurnar um íslensku jólasveinanna og fluttu fyrir gesti.





## **Skólaferðalag**

Nemendur í 1. - 4. bekk fóru í skólaferðalag í Dalina. Foreldrar tóku að sér aksturinn. Við byrjuðum á því að skoða landnámsbæ Eiríks rauða á Eiríkstöðum og má segja að það hafi verið lokapunkturinn á umfjöllun okkar á landnámsmönnum. Síðan var okkur boðið að skoða Mjólkurstöðina í Búðardal og farið í sund að Laugum í Sælingsdal. Ferðalagið var skemmtilegt og allir skemmtu sér vel, foreldrar sem börn.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir  
umsjónarkennari

## **Skýrsla umsjónarkennara 4.bekk**

1 nemandi var í 4. bekk í vetur. Umsjónarkennari var Svanborg Guðbjörnsdóttir, kenndi íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði. Steinunn Rasmus kenndi náttúrufræði og textíl, smíða - og myndmenntakennari var Rebekka Eiríksdóttir. Íþróttakennari Stefán Magnússon sem einnig kenndi lífsleikni, tölvur og tónmennt. Heimilisfræði kenndi Ásta S.Kristjánsdóttir. Björk Stefánsdóttir var stuðningsfulltrúi.

### **Helstu áherslur**

Farið var eftir bekkjarnámskrá 4. bekkjar. Samkennsla var í 4. - 6.bekk og tók kennslan einhvert mið af því. Kennslan byggðist mikið á einstaklingskennslu þar sem allir voru með námsefni við hæfi.

Reynt að skapa jákvætt andrúmsloft og að nemendum líði vel í skólanum/samkennsluhópnum. Áhersla á að fara að fyrirmælum og vinna sjálfstætt.

### **Kennsluhættir/skipulag**

Stuðst við bekkjarnámskrá 4. bekkjar. Heimanám skráð í Mentor vikulega og einnig í skólakompur sem nemendur eru með.

Námsefniskynning var 17. sept. þar sem foreldrum var kynnt námsefnið og skipulag kennslunnar fyrir veturinn.

Nemendur komu með bækur að heiman til að nota í lestrarkennslu.

### **Námsmat**

Próf lögð fyrir í lok hveðrar annar, einnig höfð í huga vinna annarinnar.

## **Hreyfing**

4. bekkur fór í Hausferð ásamt öllum í skólanum og er þetta orðinn árviss viðburður í skólanum.

Danskennsla var 3 daga í mars og var það hinn sívinsæli Jón Pétur sem sá um hana.

## **Skemmtanir /félagslíf**

4. bekkur tók þátt í 1. des hátíð. Tónlist fyrir alla kom í skólann fyrir jól.

1 diskótek var fyrir jól og einnig buðu nemendur Auðarskóla í Tjarnarlundi á diskótek í mars.

4. bekkur tók þátt í uppsetningu á leikritinu Allt í plati sem sýnt var í lok mars.

Einnig tók bekkurinn þátt í starfinu hjá ABC hjálparstarfinu „Börn hjálpa börnum“.

## **Skýrsla umsjónarkennara 5.bekk**

4 nemendur voru í 5. bekk í vetur. Umsjónarkennari var Svanborg Guðbjörnsdóttir, kenndi íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði. Steinunn Rasmus kenndi náttúrufræði og textíl, smíða - og myndmenntakennari var Rebekka Eiríksdóttir. Íþróttakennari Stefán Magnússon sem einnig kenndi lífsleikni, tölvur og tónmennt. Heimilisfræði kenndi Ásta S.Kristjánsdóttir. Björk Stefánsdóttir var stuðningsfulltrúi.

## **Helstu áherslur**

Farið eftir bekkjarnámskrá 5. bekkjar. Samkennsla var í 4. - 6. bekk og tók kennslan einhvert mið af því. Kennslan byggðist mikið á einstaklingskennslu þar sem allir voru með námsefni við hæfi.

Reynt að skapa jákvætt andrúmsloft og að nemendum líði vel í skólanum/samkennsluhópnum. Áhersla á að fara að fyrirmælum og vinna sjálfstætt.

## **Kennsluhættir/skipulag**

Stuðst við bekkjarnámskrá 5. bekkjar. Heimanám skráð í Mentor vikulega og einnig í skólakompur sem nemendur eru með.

Námsefniskynning var 17. sept. þar sem foreldrum var kynnt námsefnið og skipulag kennslunnar fyrir veturinn.

Nemendur komu með bækur að heiman til að nota í lestrarkennslu.

Gideonfélagið kom og færði nemendum Nýja testamentið að gjöf.

## Námsmat

Próf lögð fyrir í lok hvernar annar, einnig höfð í huga vinna annarinnar.

## Hreyfing

5. bekkur fór í Hausferð ásamt öllum í skólanum og er þetta orðinn árviss viðburður í skólanum.

Danskensla var 3 daga í mars og var það hinn sívinsæli Jón Pétur sem sá um hana.

## Skemmtanir /félagslíf

5. bekkur tók þátt í 1.des. hátíð. Tónlist fyrir alla kom í skólann fyrir jól.

Diskótek vat 1x í mánuði og opið hús 1x í mánuði. Einnig buðu nemendur Auðarskóla í Tjarnarlundi á diskótek í mars.

5. bekkur tók þátt í uppsetningu á leikritinu Allt í plati sem sýnt var í lok mars.

Einnig tók bekkurinn þátt í starfinu hjá ABC hjálparstarfinu „Börn hjálpa börnum“.

## Skýrsla umsjónarkennara 6.bekk

2 nemendur voru í 6. bekk í vetur. Umsjónarkennari var Svanborg Guðbjörnsdóttir, kenndi íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði. Steinunn Rasmus kenndi náttúrufræði og textíl, smíða - og myndmenntakennari var Rebekka Eiríksdóttir. Íþróttakennari Stefán Magnússon sem einnig kenndi lífsleikni, tölvur og tónmennt. Heimilisfræði kenndi Ásta S.Kristjánsdóttir. Björk Stefánsdóttir var stuðningsfulltrúi.

## Helstu áherslur

Farið var eftir bekkjarnámskrá 6.bekkjar. Samkennsla var í 4. - 6. bekk og tók kennslan einhvert mið af því. Kennslan byggðst mikið á einstaklingskennslu þar sem allir voru með námsefni við hæfi.

Reynt að skapa jákvætt andrúmsloft og að nemendum líði vel í skólanum/samkennsluhópnum. Áhersla á að fara að fyrirmælum og vinna sjálfstætt.

## Kennsluhættir/skipulag

Stuðst við bekkjarnámskrá 6. bekkjar. Heimanám skráð í Mentor vikulega og einnig í skólakompur sem nemendur eru með.

Námsefniskynning var 17.sept. þar sem foreldrum var kynnt námsefnið og skipulag kennslunnar fyrir veturinn.

Nemendur komu með bækur að heiman til að nota í lestrarkennslu.

## Námsmat

Próf lögð fyrir í lok hvernna annar, einnig höfð í huga vinna annarinnar.

## Hreyfing

6. bekkur fór í Hausferð ásamt öllum í skólanum og er þetta orðinn árviss viðburður í skólanum.

Danskennsla var 3 daga í mars og var það hinn sívinsæli Jón Pétur sem sá um hana.

## Skemmtanir /félagslíf

6. bekkur tók þátt í 1.des hátíð. Tónlist fyrir alla kom í skólann fyrir jól.

Diskótek vat 1x í mánuði og opið hús 1x í mánuði. Einnig buðu nemendur Auðarskóla í Tjarnarlundi á diskótek í mars.

6. bekkur tók þátt í uppsetningu á leikritinu Allt í plati sem sýnt var í lok mars.

Einnig tók bekkurinn þátt í starfinu hjá ABC hjálparstarfinu „Börn hjálpa börnum“.

## Skólaferðalag 5. - 7. bekkjar

7 nemendur í 5. - 7. bekkjar fóru í skólaferðalag á Snæfellsnes. Lagt var að stað frá Reykhólaskóla fimmtudaginn 20. maí kl. 8.00. Keyrt var í

Stykkishólm og þar farið í siglingu með Sæferðum sem var mjög fróðleg og skemmtileg. Á heimstíminu var pitsuhlaðborð. Síðan var farið í sund. Næst lá leiðin á Helgarfell þar sem allir þögðu á uppleiðinni svo þeir gætu óskað sér þegar upp væri komið. Næsta stopp var í Bjarnarhöfn. Þar voru kirkjan og safnið skoðuð undir leiðsögn staðarhaldara. Gist var í sumarhúsi á Hálsabóli. Þar voru 2 svefnherbergi með koju (neðri tvíbreið) og svefnsófi í stofu.

Farastjórar sáu um kvöldverð.

Föstudaginn 21. maí var haldið út nesið og til baka að sunnanverðu. Gott stopp var á Djúpalónssandi og í fjörunni á Hellnum þar sem hádegisverður var snæddur. Eftir það var haldið heim og komið á Reykhóla um 17.00.

Bílstjóri var Arnór Grímsson og fararstjórar Ásta Sjöfn og Kolfinna.



## **Skýrsla 7.-10. Bekkjar**

Nemendur í 7. - 10. bekk voru Elínborg Egilsdóttir , Arnar Karlsson, Dagný Bjarkadóttir, Eydís Harðardóttir, Sigmundur Jónsson, Aldís Sveinsdóttir, Róbert Ingvarsson, Ottó Gunnarsson , Margrét Björnsdóttir.  
Umsjónarkennari Stefán Magnússon

### **Helstu áherslur árganganna.**

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og upp úr henni var unnin bekkjarnámskrá sem unnið var eftir. Lagt er upp með að hver nemandi fái að njóta sín og töluvert gert í því að hnoða hópinn betur saman. Nýta fámenni bekkjarins til þess að einstaklingsmiða námið og sníða það að þörfum hvers og eins. Reynt er að nota fjölbreytileg verkefni og kennsluaðferðir.

Samskipti við foreldra voru mjög góð. Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn, fyrir og eftir áramót. Ástundun var send heim mánaðarlega.

Gerð er vikuáætlun fyrir hvern dag vikunnar, sem sett er inn á Mentor þar birtist hún foreldrum og nemendum.

### **Kennsluhættir/skipulag**

Stuðst er við hefðbundna bekkjarkennslu - innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig er unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum.

Nemendur unnu mikið sjálfstætt en notaðar voru kennsluaðferðir eins og innlögn á töflu, samvinnunám, hópvinna, lausnarleytanám, fyrilestrar og heimildavinna.

### **Námsmat**

Byggir á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, áfangaprófum og formlegum annarprófum.

### **Viðburðir**

Tekið var þátt í undirbúningi fyrir Stóruupplestrarkeppnina, tókum þátt í Skólahreysti og Samfés svo eitthvað sé nefnt.

Stefán Magnússon, unsjónarkennari

## **Nemendaráð :**

Allir nemendur 7. - 10. bekkjar voru í nemendaráðinu. Margrét Björnsdóttir var formaður og sá um sjoppuna þ.e. hún pantaði inn allt í sjoppuna. Róbert var umsjónar maður yfir diskó dótinu ásamt hinum strákunum.

Við höfðum opið í félagsmiðstöðinni tvisvar í mánuði og var þá opið hús einu sinni og svo diskó. Þessu breyttum við svo þegar leið á veturinn og höfðum diskóið mesta lagi einu sinni í mánuði og reyndum þá að fá nágranna skóla í heimsókn. Við buðum Hólmavík, Saurbænum og Búðardal á ball og fórum á Hólmavík á galaball og í Saurbæinn á diskó.

*Borgarnesball* en þá fórum ég og Gunnar með krakkana og Sveinn á Staðarfelli keyrði.

*Pizza dagarnir* voru tveir og stjórnar Ásta Sjöfn þeim dögum.

*Fullveldishátíð* þá baka foreldrarnir og krakkarnir selja inn og eru með leikin atriði, söng eða upplestur.

*Samfés* þá keyrðu foreldrar í bæinn og ég var svo með krökkunum á fésinu.

*Árshátíð* leikritið Allt í plati sett upp.

*Lyngbrekkuball* var haldið í félagsheimilinu Lyngbrekku og að því balli koma grunnskólinn í Búðardal, Laugargerðisskóli, Auðarskóli, Varmalandsskóli, Grunnskóli Borgarfjarðar ásamt okkur en þá keyrði ég krakkana.

*10. bekkjar ferð* ég fór með krakkana í bæinn og við fórum í sund, tónleika, röltum Laugarveginn, fórum á tónleika, fórum út að borða, fengum okkur Vesturbæjar ís og svo heim á Hólana.

Vorferðalag þá keyrðum við Júlía krakkana. Fórum á Bakkaflöt í Skagafirði í hestaferð, klifur, rafting og út að borða á Sauðárkrók.

Stefán Magnússon

## **Íþróttir**

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

### **Skólaíþróttir**

Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- taki þátt í hópverkefnum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga
- þjálfist í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félaga eða félögum hvatningu
- fái hvatningu til frekari íþróttaiðkunar

Líkamsþroski - fagurþroski

- tileinki sér rétta tækni við vöðvaterygjur og liðkandi æfingar

- Þjálfist í æfingum sem efla líkamspól, hjarta og blóðrásarkerfi, s.s. stöðugu hlaupi á rólegum hraða í a.m.k. tólf mínútur, ýmsum leikjum sem innihalda stöðugt álag í nokkuð langan tíma
- Þjálfist í að nota eigin líkamspunga til kraftþjálfunar
- Þjálfist í að auðga hugmyndaflug, sköpunarmátt og tjáningu með fjölbreyttu hreyfinámi
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. þolpróf, 12 mín. hlaup, kraftpróf, armtog á bita, skáhang, hælur í gólf, armbeygja og armrétta, liðleikapróf, teygt fram á kassa
- Þjálfist þrek sitt á leikrænan hátt með undirstöðuæfingum ýmissa íþróttagreina
- Þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. ýmsum styrkjandi og mótandi æfingum fyrir helstu vöðvahópa líkamans, tvímenningsæfingum, kúluvarpi
- Þjálfist í æfingum sem efla hraða og viðbragð, s.s. leikjum af ýmsum toga, ýmsum viðbragðsæfingum
- Vitsmunabroski
- tileinki sér öryggis- og umgengnisreglur á nýjum vettvangi
- læri helstu hugtök ýmissa íþróttagreina

### **Námsgögn**

- Nemendur eiga að mæta með íþróttaföt, stuttermabol, stuttbuxur eða sambærilegan fatnað, einnig eiga þeir að vera með handklæði.

### **Kennsluaðferðir**

Bein kennsla  
 Heildstæð verkefni  
 Hlutverkaleikir  
 Hreyfing  
 Kannanir  
 Leikræn tjáning  
 Sýnikennsla  
 Verklegar æfingar

### **Námsmat**

Kannanir  
 Mat á frammistöðu í tímum

Tveir tímar á viku sem ég reyndi að skipta niður í æfingar og leiki þannig að allir gætu tekið vel á. Við fórum út ef það var veður í það en það gerðist ekki oft og hefði ég vilja gera það miklu oftar.

## Tónmennt

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

### Tónmennt

Frum-, efnis- og leikniþættir

- flytji einfalt tón- og hrynmynstur eftir heyrn
- syngi í hóp fjölbreytt sönglög og þulur
- vinni markvisst með tónlistarhugtök s.s. veikt og sterkt, háir tónar og djúpir tónar, hratt og hægt, bjart og dimmt
- þjálfí taktskyn með púls, einföldu hrynmynstri og áherslu gegnum hreyfingu
- hlusti á og sýni viðbrögð (t.d. að túlka tónlistina með hreyfingu) við fjölbreyttri tónlist og hljóðum úr umhverfinu út frá notkun efnispátta eins og tónstyrks, hraða, púls, tónblæs og forms
- leiki á einfalt skóla- og heimatilbúið hljóðfæri (bæði hryn- og lagrænt)

### Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Dans

Hlustunarefni

Hreyfing

Sköpun

Söngur

### Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum

Í tónmennt hlustuðum við á tónlist, horfðum á tónlist, töluðum um tónlist, sungum, dönsuðum, settum saman kór sem saman stóð af öllum nemendum skólans og fórum við og sungum fyrir fólkið í Barmahlíð og svo á Fullveldishátíðinni, fórum í leiki og gerðum verkefni sem tengdust tónlist.



## Lífsleikni

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

### **Lífsleikni**

Samfélag, umhverfi, náttúra og menning

- kunna skil á umferðarreglum fyrir gangandi vegfarendur
- gera sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og stöðu einstaklinga innan þeirra
- geta leitað eftir upplýsingum og leiðbeiningum til að rata um umhverfi sitt, t.d. munnlegum fyrirmælum eða vegvísunum
- geta bent á slysaáhrif í umhverfinu, í umferðinni og á heimilum og þekkingu varasöm efni sem þar kunna að vera geymd

### **Kennsluáðferðir**

Heildstæð verkefni

Hlutverkaleikir,

Hópverkefni

Hugmyndavinna

Leikræn tjáning

Sköpun

Umræður

Viðfangsefni tengd daglegu lífi

Aðrar kennsluáðferðir

### **Námsmat**

Annað mat

Lífsleikni tímarnir voru mikið notaðir í að tala um lífið og tilveruna. Við vorum einnig með vinnubók sem við unnum reglulega í og var metið út frá virkni í tímum.

### **Tölvur 1. - 10.bekkur**

Áfangamarkmið með tölvunotkun við lok 4. bekkjar

### **Viðhorf**

Nemandi á að hafa tileinkað sér jákvætt viðhorf til tölvu og þjálfast í að umgangast þær sem sjálfsagt verkfæri vera óhræddur við að þreifa sig áfram og auka við eigin þekkingu á tölvutækni.

### **Tölvulæsi**

Nemandi á að þekkja helstu hluta tölvu og hafa tileinkað sér íslenskan orðaforða þar um hafa öðlast grundvallarfærni við að nota helstu ílags- og frágagstæki tölvu geta notað tölvu til að skrifa og prenta út eigin texta geta lesið texta á skjá með sama árangri og texta bókar geta lesið stiklutexta í efnislegu samhengi

### **Beiting tölvu**

Nemandi á að hafa unnið með kennsluforrit til nánari útfærslu á námsefni í öllum greinum hafa notað tölvu til að semja eigið efni hafa notað tölvu til listsköpunar á mismunandi sviðum lista.

### **Tækniskilningur**

Nemandi á að hafa öðlast skilning á því hvernig tölvun vinnur með gögn sem merki í minni og á diskum hafa öðlast skilning á því að tölvusamskipti felast í merkjaflutningi milli tölvu um símalínur.

### **Áfangamarkmið með tölvunotkun við lok 7. bekkjar**

### **Viðhorf**

Nemandi á að hafa skilning á siðferðilegri ábyrgð sinni við framsetningu efnis á vef og sambærilegum miðlum, svo sem tölvuráðstefnum og í tölvupósti hafa mótaða skoðun á gildi tölvutækni við upplýsingaleit og þekkingaröflun

### **Tölvulæsi**

Nemandi á að geta sett upp einfaldan hugbúnað geta sett fram eigin texta sem stiklutexta með eðlilegum efnistengslum innan textans hafa náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborði, tileinkað sér blindskrift og rétta líkamsbeitingu, geta beitt þeim leitaraðferðum sem algengustu tölvukerfi bjóða upp á og geta geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulegum hætti

### **Beiting tölvu**

Nemandi á að hafa notað kennsluforrit í öllum greinum sem verkfæri við eigið nám

hafa notað margmiðlunarefni til að bæta við eigin þekkingu og til skemmtunar  
hafa unnið sjálfstætt og markvisst að öflun og úrvinnslu upplýsinga með  
upplýsingatækni og miðlað þeirri þekkingu til annarra á sama hátt  
hafa átt tölvusamskipti bæði innanlands og utan  
hafa sett upp margþætt skjöl í ritvinnslu  
hafa kynnst mismunandi hugbúnaði og gert sér grein fyrir notagildi hans

### **Tækniskilningur**

Nemandi á að hafa öðlast undirstöðuskilning á einfaldri rökfræði sem grunni að  
tölvuforritun og hafa kunnáttu til að búa til forskriftir í mótuðu máli og þýða yfir á  
einfalt forritunarmál (t.d. LOGO)

### **Áfangamarkmið með tölvunotkun við lok 10. bekkjar**

#### **Viðhorf**

Nemandi á að hafa skilning á gildi tölvutækni sem miðils í lýðræðisþjóðfélagi,  
hafa mótaða skoðun á gildi tölvutækni í viðhaldi eigin menntunar

#### **Tölvulæsi**

Nemandi á að

geta greint og hannað einföld upplýsingakerfi

geta valið og notað viðeigandi tölvubúnað til að koma upplýsingum á framfæri

geta notað upplýsingatækni, s.s. rafrænar glærur og margmiðlun, til að flytja  
fyrirlestur

geta slegið inn villulausan texta, að lágmarki 125 slög á mínútu (25 orð á mín.), með  
blindskrift og rétttri fingrasetningu

geta sett upp og viðhaldið vefsíðu

#### **Beiting tölvu**

Nemandi á að

hafa skilað verkefnum unnum í tölvum, með grafískri framsetningu upplýsinga þegar  
það á við

hafa nýtt sér tölvustudda hönnun

hafa notað tölvupóst til að koma fyrirspurn til opinberra aðila, fyrirtækja eða  
stofnana

hafa notað töflureikni til margþættra útreikninga

hafa sett fram eigið efni á vef og vera fær um að meta gæði efnis sem sett er  
fram á þann hátt

## Tækniskilningur

Nemandi á að

þekkja helstu þætti í þróun tölvutækni og gera sér grein fyrir því að tækniþróun er stöðugt ferli

skilja undirstöðuatriði í byggingu gagnasafna, s.s. venslun gagnagrunna

hafa undirstöðuskilning á rökfræði fyrirspurnaraðferða í gagnagrunnum

1.-3. **bekkur** var mikið í leikjum sem æfði lestur, reikning, skrift ofl. Einnig gerðu þau ritvinnslu verkefni.

4. - 10. **bekkur** vann í word og gerði ýmiskonar ritvinnslu verkefni og enduðu svo á því að gera skólablaðið Valva.

**Námsmat:** Verkefni vetrarins og vinna í tímum.

## Sund

### Áfangamarkmið í skólasundi við lok 4. bekkjar

Í 1.-2. **bekk** skal leggja megináherslu á aðlögun barnsins að vatninu í leik og með æfingum í leik. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Börn, sem eru að hefja sundnám í 1. bekk grunnskóla, hafa fengið mismunandi sundkennslu eða sundaðlögun. Hafa þarf í huga að börn geta ekki hreyft sig í vatni á sama hátt og í almennri íþróttakennslu. Í íþróttasalnum endurtaka börn m.a. hreyfingar sem þau hafa gert í einhverjum mæli síðastliðin sex ár og eru því nokkuð fær í helstu grunnhreyfingum. Í sundnáminu á ekki hið sama við þar sem „fast land er ekki undir fótum“ og reynsla margra barna af sundiðkun ekki mikil. Þó er talsvert um að börn sækji sundnámskeið sem haldin eru á vegum sveitarfélaga. Þá fer þeim fjölgandi sem hafa sótt ungbarnasund. Þessi börn hafa því vanist reglulegri sundiðkun í lengri eða skemmri tíma með foreldrum sínum. Mikilvægt er að sjá þessum nemendum fyrir verkefnum við hæfi með vel útfærðri áætlun og kennslu.

Í 3.-4. **bekk** skal stefnt að áframhaldandi uppbyggingu sundnáms frá fyrstu tveimur skólaárum en auka áherslu á grunnhreyfingar sundtaka í bringusundi og skriðsundi.

### Skynþroski - hreyfiþroski

Nemandi á að hafa

náð tókum á undirbúningsæfingum og leikjum í vatni sem ná til skyn- og hreyfiþroska

notað ólík áhöld til æfinga og leikja  
tekið þátt í fjölbreyttum leikjum sem efla aðlögun að vatni og sundfærni  
náð valdi á einföldum samsettum hreyfingum í vatni  
náð valdi á samspili grunnhreyfinga í  
bringusundi  
skólabaksundi  
skriðsundi  
baksundi  
tekið þátt í undirbúningsæfingum flugsunds í leik  
fengið þjálfun í notkun áhalda sem notuð eru við björgun úr vatni

### **Líkamsþroski - fagurþroski**

Nemandi á að hafa  
stundað æfingar og leiki sem bæta líkamshreysti og þrek  
tekið nokkur stöðluð sundpróf til að meta eigin líkamshreysti  
fengið tækifæri til að beita líkama sínum rétt í vatni við fjölbreytta útfærslu  
hreyfinga  
fengið að glíma við æfingar eða verkefni sem ná til sköpunar og leikrænnar  
tjáningar í vatni

### **Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski**

Nemandi á að hafa  
upplifað skólasund sem jákvæða og skemmtilega námsgrein  
tileinkað sér samskiptareglur í sundkennslu sem ná til  
samvinnu nemenda  
samvinnu kennara og nemenda  
samvinnu nemenda og starfsmanna sundstaða  
lært að taka tillit til annarra  
öðlast skilning á þeirri hættu sem fylgir stríðni og einelti  
tekið þátt í ýmsum sundæfingum og sundleikjum sem efla sjálfstraust, viljastyrk og  
áræði

### **Vitsmunaproski**

Nemandi á að hafa  
tekið þátt í umræðu um gildi sundiðkunar fyrir líkama og heilsu  
lært heiti helstu hreyfinga í vatni  
tileinkað sér hreinlæti og góða umhirðu líkamans  
lært að hlíta fyrir mælum og öryggisatriðum sundstaða

öðlast skilning á þeirri hættu sem fylgir sundiðkun

### **Áfangamarkmið í skólasundi við lok 7. bekkjar**

**Í 5.-7. bekk** skal leggja megináherslu á færniþætti og grunnkennslu helstu sundtaka. Með tilliti til þroska taugakerfis eru nemendur á þessum aldri mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi, auk þess sem námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill. Stefnt skal að því að byggja ofan á þann grunn sem skapaður hefur verið á aðlögunartímabili fyrstu skólaára þar sem aðlögun, samhæfing hreyfinga í vatni og kennslufræðileg nálgun með leik eru meginmarkmið kennslunnar. Framsetning áfangamarkmiða byggist á ofangreindum atriðum.

#### **Skynþroski - hreyfiþroski**

Nemandi á að hafa

fengið þjálfun, með og án áhalds, í ýmsum samsettum hreyfingum í vatni  
náð tókum á samhæfingu helstu sundhreyfinga og tengingu þeirra í eina heild,  
sundaðferð

náð valdi á tækni ólíkra sunnaðferða og geta synt

25 m bringusund

25 m skólabaksund

25 m baksund

8 m kafasund

fengið þjálfun í undirstöðuatriðum sundíþróttar, s.s.

sundknattleiks

sundfimi

vatnsleikfimi

lært að stinga sér af bakka (til að geta uppfyllt þau atriði sem snúa að stungu af bakka þarf laug að vera nógu djúp að mati kennara; undanþágu má veita frá þessu atriði við mat á samræmdu prófi í 7. bekk)

lært köfun sem undirbúning fyrir björgun

lokið námsmati í sundi fyrir 7. bekk og geta talist syndur

#### **Líkamsþroski - fagurþroski**

Nemandi á að hafa

tekið þátt í æfingum og leikjum sem bætt hafa líkamshreysti og þrek

fengið þjálfun í fjölbreyttum hreyfingum sem hafa styrkjandi og mótandi áhrif á líkamsstöðu og líkamsreisn

tekið nokkur stöðluð sundpróf til að geta metið eigin færni og líkamsstyrk, s.s.

50 m bringusund

25 m skriðsund

300 m bringusund

15 m björgunarsund, synt með jafningja (skólabaksundsfótatök)

iðkað æfingar og leiki við mismunandi álag og eftir mismunandi þjálfunaraðferðum tekið þátt í styrktarþjálfun með eigin líkama og notkun mótstöðukrafta í vatni tekið þátt í stöðvapþjálfun á sundstað þar sem krafist er sjálfstæðra vinnubragða

### **Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski**

Nemandi á að hafa

tekið þátt í umræðu og leikjum þar sem hann lærir að virða og taka tillit til annarra tekið þátt í verkefnum þar sem hann lærir að vinna með öðrum og taka tillit til mismunandi sjónarmiða

tileinkað sér virka hlustun í tjáskiptum og samskiptareglur í sundkennslu

lært háttvísi í leik og geta framfylgt reglum sem einkenna mismunandi sundleiki

lært að taka sigri og ósigri

upplifað ánægju af eigin framförum, s.s. að útfæra flóknar hreyfingar í vatni

### **Vitsmunaproski**

Nemandi á að hafa

tekið þátt í umræðum um mikilvægi sunds sem líkams- og heilsuræktar

lært helsta orðaforða sundíprótta

lært séreinkenni einstakra sundaðferða

öðlast skilning á hættum sem leynast í og við vatn og sundlaugar

tileinkað sér helstu atriði björgunar úr vatni, s.s.

ýmis öryggisatriði

leysitök í vatni

notkun björgunarhrings

notkun krókstjaka

### **Áfangamarkmið í skólasundi við lok 10. bekkjar**

Á unglíngastigi skal lögð áhersla á þátt upplifunar í allri sundkennslu. Slík nálgun hefur það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall og slaka ástundun sem oft einkennir þetta tímabil. Sækjast skal eftir því að unglíngarnir njóti þess að stunda sundnám og hafi af því bæði lærdóm og ánægju. Á unglíngastigi skal einnig auka vægi sundþjálfunar þar sem efling þrekkþátta í tengslum við sundiðkun er höfð að

leiðarljósi. Þá skal reynt að gefa nemendum tækifæri til aukinna valmöguleika sem stuðlað geta að sérhæfingu og betri færni hvers og eins. Jafnframt skal stefnt að því að bæta þau áfangamarkmið sem náðust við lok 7. bekkjar.

### **Skynþroski - hreyfiþroski**

Nemandi á að hafa

fengið frekari þjálfun í þeim sunnaðferðum sem teknar hafa verið fyrir á miðstigi náð góðu valdi á nákvæmri útfærslu samsettra hreyfinga í

50 m bringusundi

12 m kafsundi

fengið aukna þjálfun í

sundknattleik

sundfimi

vatnsleikfimi

fengið tækifæri til að velja sér sunnaðferð til þjálfunar í ákveðinn tíma

lært og þjálfast í að bjarga jafningja á sunni, björgunarvegalengd er 25 metrar;

fyrir björgun skal nemandi troða marvaða í 30 sek.

### **Líkamsþroski - fagurþroski**

Nemandi á að hafa

tekið þátt í æfingum og leikjum sem bætt hafa líkamshreysti og þrek

tekið nokkur stöðluð sundpróf til að geta metið eigin færni og líkamsstyrk, s.s.

tímatöku í 100 m bringusundi þar sem tímalágmark er fyrir

drengi: 2 mín. 15 sek.

stúlkur: 2 mín. 20 sek.

tímatöku í 50 m skriðsundi þar sem tímalágmark er fyrir

drengi: 55 sek.

stúlkur: 58 sek.

tímatöku í 50 m baksundi þar sem tímalágmark er fyrir

drengi: 65 sek.

stúlkur: 68 sek.

tímatöku í 25 m flugsundi þar sem tímalágmark er fyrir

drengi: 31 sek.

stúlkur: 33 sek.

þjálfast í þolsundi og sé fær um að synda a.m.k. 600 m bringusund á innan við 20 mínútum

iðkað æfingar og leiki við mismunandi álag og eftir mismunandi þjálfunaraðferðum

tekið þátt í styrktarþjálfun með eigin líkama og notkun mótstöðukrafta í vatni



tekið þátt í stöðvápjálfun á sundstað þar sem krafist er sjálfstæðra vinnubragða

### **Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski**

Nemandi á að hafa

fengið tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og skoðanir

tekið þátt í umræðu og leyst af hendi æfingar og leiki sem reyna á skapgerð og viljastyrk undir álagi

leyst af hendi æfingar og leiki sem bætt hafa sjálfsmynd varðandi sundiðkun og almenna hreyfingu

þroskað með sér góða siðferðiskennd með tilliti til sundiðkunar

### **Vitsmunaproski**

Nemandi á að hafa

tekið þátt í umræðu um áhrif skipulagðrar sundþjálfunar á líkama og heilsu

þekkingu til að geta nýtt sér sund til líkams- og heilsuræktar

tileinkað sér orðaforða, málfar og hugtök sem tengjast sundkennslu

tileinkað sér aðferðir við

björgun úr vatni

meðferð björgunaráhalda

Sunkennslan fór fram einu sinni í viku og voru þá 1. - 3. bekkur saman svo 4.-6. bekkur og síðast 7.- 10.

**Námsmat** : próf og virkni í tímum.

### **Aðrir viðburðir**

#### **Haustferð**

Haustferð Reykhólaskóla fór fram í lok ágústs. Farið var í Teigsskóg þar sem krakkarnir léku sér í yndislegu umhverfi. Sumir skelltu sér til sunds í ánni. Borðuðum nesti, lékum okkur meira og svo héldu allir heim á leið eftir vel heppnaða ferð og beint í sund.

#### **Fullveldishátíð**

Fullveldishátíðin var haldin föstudaginn 4. desember. Nemendur undirbjuggu hana með því að æfa leikþætti, brandara og söngatriði. Nemendur og kennarar sáu um að dekkja salinn, raða borðum og stólum en foreldrafélagið sá um veitingar. Hefð hefur

skapast síðastliðin tvö ár að gera þetta kvöld að *kaffihúsakvöldi* sem hefur tekist vel.

### Árshátíð

Árshátíð Reykhólaskóla var haldin föstudaginn 26. apríl í íþróttahúsinu frá kl. 19.30 til 23.00.

Sett var upp eitt stórt leikstykki „Allt í plati“ eftir Pröst Guðbjartsson og sá Sólveig Sigríður Magnúsdóttir um leikstjórn, skólanum að kosnaðarlausu. Allir nemendur tóku þátt í verkinu. Hluti af leikmunum var fengin að láni frá Hólmavík en annað verk var í höndum starfsfólks og nemenda, t.d. undirspil, leikmuna- og búningagerð, förðun o.f.l. Nemendur mættu til leiks kl. 17.00 á föstudeginum og var boðið upp á pizzu fyrir sýningu sem kennarar Reykhólaskóla sáu um. Sala aðgöngumiða var í höndum nemenda 8.-10. bekkjar og kostaði 700 kr. Frítt var fyrir 16 ára og yngri. Nemendur sáu einnig um sjoppu. Kaffisala var í höndum foreldrafélagsins eftir leikritið og diskótek þar á eftir.

Starfsmenn Reykhólahrepps komu sviði fyrir.

Starfsfólk og nemendur sáu um að raða stólum og borðum, kennarar sáu um að dúka borð og koma með leirtau og í lok árshátíðar sá

starfsfólk um að ganga frá borðum, raða stólum upp aftur fyrir aðra leiksýningu, moppa yfir sal og athuga með klósett. Frágangur í eldhúsi var að mestu í höndum foreldrafélagsins en kom í hlut kennara að ganga frá kökuafgöngum og frá rusli.



### Aukasýning á „Allt í plati“

Aukasýning var á leikritinu Allt í plati eftir Pröst Guðbjartsson miðvikudaginn 7. apríl kl. 20.00. Sýningin var haldin vegna áskorunnar frá Hólmavík og mætti tölurður fjöldi þaðan. Margir Reykhólabúar mættu einnig og margir til að sjá verkið í annað sinn. Aðgangseyrir var 700 kr. og fór hann í hlut Nemendafélags Reykhólaskóla sem einnig sáu um sjoppusölu.

### Dans

Jón Pétur úr *dansskóla Jóns Péturs og Köru* var hjá okkur dagana 10. -12. mars. Nemendur fengu 80 mínútur á dag auk sýningar. Gaman var að sjá hvað hann náði miklu út úr krökkunum, frábær árangur eftir ekki lengri tíma. Kostnaður var 4000 kr. á hvern nemanda.

## **Myndataka**

Bjarni Jónsson ljósmyndari á ljósmyndastofunni Mynd í Hafnarfirði kom í skólann föstudaginn 12. mars. Bjarni er vanur að koma annað hvert ár og taka myndir af öllum skólanum ásamt leikskólanum. Einstaklingsmyndataka kostar 2000 kr. og hópmyndin er á 2500 kr.

## **Forskóli (vorskóli) vorið 2010.**

Það voru fjórir nemendur úr leikskólanum sem komu í heimsókn til okkar í vorskólan. Þau komu til okkur vikuna 26. apríl til 30. apríl. Þau mættu kl. 8:30 í skólann. Misjafnt var hvort að þau komu beint í skólann eða voru sótt niður á leikskóla. Þau voru til kl. 12:00 og fóru þá í leikskólann og fyldu sínum hóp í matsalinn. Þau voru alveg með 1. - 3. bekk í tímum. Fyrstu tvo tímuna á morgnana var Ásta Sjöfn með vorskólann og 1. bekk í tíma og Steinunn var með 2. - 3. bekk. Þau fóru í einn ípróttatíma og einn sundtíma. Þar var hópnum skipt upp í tvo hópa. Þau fengu að spreyta sig á ýmsum verkefnum og stóðu sig alveg frábærlega. Verkefnin voru að mestu heimatilbúinn.

## **Sjálfsmat**

Sjálfsmat Reykhólaskóla fór fram á vordögum. Tekin var fyrir Gæðagrein 5.1 um starfsanda í skólanum. Allir starfsmenn tóku þátt og er þegar hafin vinna á úrbótum á þeim málum sem betur mættu fara.

## **Stóra upplestrarkeppnin**

Stóra upplestrarkeppnin var haldin á Reykhólum mánudaginn 8. mars. Gunnar Björn Melsteð kennari á Hólmavík hélt utan um skipulag keppinnar. Alls voru níu nemendur úr fjórum skólum sem tóku þátt, frá skólunum á Borðeyri, Drangnesi, Hólmavík og Reykhólum. Nemandinn frá Finnbogastaðarskóla komst ekki vegna ófærðar. Í þremur efstu sætunum urðu: Elínborg Egilsdóttir, Reykhólaskóla, Ármann Ingi Jóhannsson, Grunnskólanum á Borðeyri og Margrét Vera Mánadóttir, Grunnskólanum á Hólmavík.

Sparisjóður Strandamanna gaf keppendum sem lentu í þremur efstu sætum peningaverðlaun: 20 þúsund krónur fyrir fyrsta sætið, 15 þúsund fyrir annað sætið og 10 þúsund fyrir þriðja sætið.

Nemendur í Tónlistarskólanum á Hólmavík fluttu stutt tónlistaratriði og nemendaráð Reykhólaskóla annaðist veitingar.

## Stærðfræðikeppni fyrir grunnskólanema á Vesturlandi

10. apríl kl. 15.00 stóð Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranaesi fyrir árlegri stærðfræðikeppni fyrir grunnskólanema á Vesturlandi. Keppnin fór fram á Akranesi og fóru 3 nemendur úr 8. bekk Reykhólaskóla, þau Arnar Ingi Karlsson, Dagný Bjarkadóttir og Eydís Sunna Harðardóttir til þátttöku. Keppendur Reykhólaskóla stóðu sig mjög vel og hlaut Eydís Sunna 10.000 kr. vinning fyrir 2. stæti. Foreldrar sáu um að koma keppendum á Akranes.

## Lokadagur



Þriðjudaguinn 18. maí var seinasti dagur nemenda fyrir sumarfrí. Kennsla hófst kl. 8.30 með kynningu á verkefnum dagsins. Því næst var skipt í fjögur lið sem kepptu sín á milli í ratleik um þorpið og var á hverri stöð spurning eða þraut sem þurfti að leysa.

Eftir ratleik og ávaxtastund var haldið niður í Hvanngarð þar sem búið var að koma upp þremur stöðvum.

Hver árgangur stoppaði einu sinni við hverja stöð.

Stöðvarnar voru:

**Vatnsrennibraut:** Byggingarplasti með rörum á könnum var komið fyrir í brekkunni og slökkviliðið fengið í lið. Þeir sprautuðu vatni á plastið og var þá komin skemmtileg vatnsrennibraut. Einnig var notast við sápu til að ná auknum hraða.

**Leikjastöð:** Þar var spilaður víkingaleikurinn Kubb.

**Brauðbakstur:** Notast var við útigrill. Nemendur fengu brauðdeig og grein og áttu að baka brauðið yfir opnum eldi.

Í hádeginu borðuðu nemendur og starfsfólk saman í matsal og var kennslu lokið kl. 13.00

